

AUGLÝSING

um námskrá fyrir bifhjólaréttindi.

Með vísun til 3. mgr. 26. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997, hefur ráðuneytið staðfest námskrá fyrir bifhjólaréttindi (ökuréttindaflokk A).

Ákvæði námskrárinnar skulu taka gildi 1. janúar 2002, þó þannig að ökuþróf skulu fara fram á grundvelli námskrárinnar frá 1. apríl 2002.

Frá sama tíma fellur úr gildi námskrá fyrir bifhjólakennslu sem Umferðarráð gaf út í júní 1993.

Ökunemar sem hefja ökunám hjá ökukennara fyrir 1. janúar 2002 mega ljúka ökunámi og gangast undir ökuþróf samkvæmt núgildandi reglum til loka maímánaðar 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um námskrá fyrir ökukennaranám til aukinna ökuréttinda.

Með vísun til 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, nr. 327/1999, hefur ráðuneytið staðfest námskrá fyrir ökukennaranám til aukinna ökuréttinda (viðbótarökukennaranám vegna flokkanna C, D og E) sem samþykkt hefur verið af stjórn Umferðarráðs, sbr. bréf Umferðarráðs, dags. 4. júlí sl.

Ákvæði námskrárinnar taka þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.